

Vesturbyggð  
Aðalstræti 75  
450 PATREKSFJÖRÐUR

Garðabær, 22. september 2023  
Málsnúmer: 202308-0014  
SS

## Efni: Umsögn um deiliskipulag frístundabyggðar í Vesturbotni.

Vísað er í erindi frá skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar, sem barst þann 12. ágúst 2023 í gengum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Vesturbotni í Patreksfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um allstórt skipulagssvæði er að ræða sem mun taka töluverðum breytingum. Hluti þess er lítið raskaður en einnig eru fyrir mannvirki s.s. golfvöllur, vegir o.fl. auk þess sem lúpína er útbreidd á hluta svæðisins en hún telst framandi ágeng tegund. Verndargildi svæðisins felst einkum í landslagsheildum og kennileitum sem og náttúrulegu birkikjarri auk votlendis á litlu svæði.

Mikilvægt er að skilmálar um frístundareiti hugi að því að fella mannvirki vel inn í landslag og að áhrif ásýndar séu metin. Draga skal úr óþarfa raski og takmarka vegagerð eins og kostur er.

Stækkun golfvallar getur raskað votlendi, sérstaklega vestan núverandi brauta. Votlendi á þessum slóðum er ekki útbreitt og því ætti að skipuleggja og hanna stækkun golfvallarins þannig að votlendi sé hlíft en frekar t.d. raskað lúpínusvæðum.

Vegna landhalla er ólíklegt að svæðið sé sérstaklega mikilvægt fyrir mófugla en þó má gera ráð fyrir varpi ýmissa mófuglategunda þar, einkum utan lúpínubreiða og birkikjarrs, en tæplega í miklum þéttleika. Skynsamlegt væri að kanna betur fuglalíf svæðisins, einnig meðfram ströndum þar sem aukin umferð og umsvif sem fylgja frístundabyggðinni og stækkuðum golfvelli geta haft neikvæð áhrif á fuglalíf.

Tilfni er til að hefta frekari útbreiðslu lúpínu á svæðinu. Einnig þarf að vanda vel skipulag skógræktar og fylgjast vel með sjálfssáningu framandi trjátegunda. Tryggja þarf verndun náttúrulega birkisins við Ósá og forðast rask á því svæði. Jákvætt er að stefnt sé að því að friðlýsa hluta svæðisins sem fólkvang.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



